

Borgarstjórn
21. mars 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mislæg gatnamót við Reykjanesbraut-Bústaðaveg

Borgarstjórn samþykkir að teknar verði upp viðræður við Vegagerðina um gerð mislægra gatnamóta við Reykjanesbraut-Bústaðaveg í því skyni að auka umferðaröryggi, draga úr mengun og greiða fyrir umferð. Haldið verði áfram þeirri vinnu við hönnun umræddra gatnamóta sem hafin var á sínum tíma og leitast við í góðri samvinnu á milli aðila að bæta úr þeim vanköntum sem Reykjavíkurborg taldi þá vera á tillögum Vegagerðarinnar. Í slíkri vinnu verði þess sérstaklega gætt að leggja áherslu á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem og að greiða fyrir umferð strætisvagna um gatnamótin. Áhersla verði jafnframt lögð á að mannvirkið fari sem best í umhverfinu og að ríkulegt tillit verði tekið til náttúru Elliðaárdalsins við hönnun þess.